

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1969

Nr. 85.

384

4. júlí 1969.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 4. júlí 1969 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1968, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 2. töluliðar 43. gr. komi ný setning, svo hljóðandi:
Þó er einnig heimilt að halda próf í janúarmánuði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. júlí 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 86.

9. júlí 1969.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag í einkaerindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 9. júlí 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.